

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 20. október 2017
Mnr. 2015090052



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - svar við fyrirspurn Daníels Jakobssonar

Þann 11. október sl., barst Ísafjarðarbæ fyrirspurn Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúa, sem spurði út í eftirfarandi atriði varðandi hönnunarsamkeppnina á breytingum Sundhallar Ísafjarðar:

- a) Hvað hefur verið mikið greitt þar, beint og óbeint?
- b) Hverjar eru fyrirætlanir meirihlutans í því máli?
- c) Þarf að greiða verðlaunafé aftur ef ekkert verður gert?

Hér að neðan má sjá svör við ofangreindum spurningum, með upplýsingum úr bókhaldi og minnisblaði Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, frá 13. október sl.:

- a) Samtals kostnaður vegna samkeppninnar á árunum 2015-2016 eru kr. 13.640.957,-.
- b) Meirihluti bæjarstjórnar hefur þær fyrirætlanir að leggja mat á niðurstöður íbúakönnunar sem mun fara fram á næstu vikum, að ósk bæjarstjórnar skv. ályktun frá 15. júní síðastliðnum, og byggja á þeim niðurstöðum við gerð frekari tillagna til bæjarstjórnar um næstu skref eða lyktir máls.
- c) Um var að ræða hugmyndasamkeppni og útfærsla því ekki nauðsynleg fyrirhuguð í framhaldi af keppni. Ef um hefði verið að ræða framkvæmdakeppni hefði þurft að greiða verðlaunafé aftur ef ákveðið væri að vinna eftir annarri hugmynd en þeirri sem vann.